

# SOS BARNAPORPIN



**SOS  
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

FRETTABLAÐ I. TBL. 22 ÁRG. 2016



## SJÁLFBODALIÐASTÖRF & SOS BARNAPORPIN

Síðustu ár hefur sífellt færst í aukana að ungt fólk ferðist heimsálfa á milli og virðist heimurinn í þeim skilningi alltaf vera að minnka. Oft er um að ræða unga einstaklinga með hugsjón og velvild að leiðarljósi en þó þarf að gæta þess að ávallt sé skilið meira eftir sig en tekið er með heim.

Hætta er á að þegar farið er í sjálfbodaliðastarf á erlendri grundu sé um að ræða hluta af lengri ferð og dvölin í hjálparstarfinu því stutt, nokkrir mánuðir eða jafnvel bara nokkrar vikur. Í slíku starfi og sérstaklega ef unnið er með börnum, t.d. munaðarlausum börnum á barnaheimili, getur verið ruglingslegt fyrir börnin að kynnast nýjum aðilum á nokkurra vikna fresti í stað þess að upplifa traust og langtíma umhyggju.

Hjálparstarf erlendis er mjög áhugaverður kostur fyrir einstaklinga sem vilja láta gott af sér leiða og kanna heiminn í leiðinni. Til þess að reynslan sé sem best fyrir alla aðila er skynsamlegast að leita uppi samtök sem bjóða upp á sjálfbodaliðastarf eða hjálparstarf til lengri tíma og fjárfesta þannig í samfélaginu og fólkinu á staðnum. Fjöldi samtaka vinnur gríðarlega gott starf sem stuðlar að sjálfbærni íbúa á sama tíma og hjálparstarf fer fram.

SOS Barnaporpin starfa í 134 löndum. Barnaporpin eru fleiri en fimm hundruð og í hverju þorpi fyrir sig starfa yfirleitt einstaklingar frá viðkomandi landi.

Mikilvægt er að SOS mæður/feður séu innfæddir sem og annað starfsfólk líkt og garðyrkjumenn, kennarar og forstöðumenn/konur þorpanna. Að sjálfsgöðu eru erlendir einstaklingar velkomnir í heimsókn og hafa margir styrktarforeldrar heimsótt börnin sín í gegnum tíðina, en reynt er eftir fremsta megni að gera öllum skiljanlegt að um sé að ræða heimili barnanna og það verði að virða. Starfsfólk SOS ferðast þá stundum á milli landa ef um er að ræða neyðaraðstoð eða önnur sérstök verkefni en reynt er að halda hlutfalli innlendra starfsmanna sem hæstu. Þannig styrkjum við innviði svæðisins sem um ræðir. Í barnaporpunum er þetta sérstaklega mikilvægt þar sem munaðarlaus og yfirgefin börn eignast ný heimili og nýjar fjölskyldur.

Oft hafa SOS Barnaporpin á Íslandi fengið fyrirspurnir frá áhugasömum einstaklingum um sjálfbodaliðastarf. Samtökin fagna öllum þeim áhuga sem almenningur sýnir starfinu og erum við afar þakklát fólki fyrir að hugsa til okkar. Svar SOS á Íslandi við slíkum fyrirspurnum hljómar á þann veg að samtökin senda að jafnaði ekki sjálfbodaliða í erlend verkefni. Hins vegar, ef aðili hefur ákveðið land í huga og er jafnvel að hugsa um flutninga þangað eða dvöl til lengri tíma, getum við athugað stöðu verkefna samtakanna á þeim slóðum.

# FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA

## Hvað styrkir maður barnið lengi?

Þessa spurningu fáum við oft frá styrktarforeldrum. Mér finnst gaman að fá þessa spurningu og ætla að reyna að svara henni hér.

Mér finnst gaman að fá hana vegna þess að hún sýnir ábyrgð þess sem spyr. Honum eða henni er greinilega umhugað um barnið (sem stundum er ekki einu sinni barn lengur) og vill vita hve lengi það þarf stuðning.

Stutta svarið við spurningunni er þetta: Á meðan barnið býr undir verndarvæng SOS Barnaþorpanna en þó ekki lengur en styrktarforeldri vill.

Svo er það lengri útgáfan af svari við sömu spurningu: Þú mátt hætta að styrkja barn þegar þú vilt. Okkur þykir þó afar vænt um það þegar styrktarforeldrar geta fylgt barninu alla leið til sjálfstæðis. Það er mjög misjafnt hvenær SOS börn verða sjálfstæð. Sum verða það um leið og þau verða sjálfráða. Algengt er að börn fljúgi úr hreiðrinu og verði sjálfstæð á aldrinum 18-20 ára. Svo eru önnur sem þurfa lengri stuðning t.d. vegna félagslegrar fælni, fötlunar, framhaldsmenntunar eða annarra þátta.

Í þessu samhengi er ágætt að spyrja sig að því hvenær börn á Íslandi verða sjálfstæð. Er það við 18 ára aldur eða fá þau að búa á „hóтели mömmu“ á meðan þau eru í námi og getur verið að sum fari ekki að heiman fyrr en á fertugsaldrinum?

Börnin okkar eru svo misjöfn og þarfir þeirra ólíkar. Það á líka við um SOS börnin.

Þar sem SOS Barnaþorpin eru ekki stofnun heldur búum við til fjölskyldur og heimili fyrir börn viljum við koma fram við þau sem börnin okkar og sem hluta af fjölskyldu. Þau þurfa að upplifa umhyggju og ást án skilyrða. Það þýðir að við segjum þeim ekki að fara og bjarga sér sjálf þegar þau verða átján ára. Við hlúum að þeim og metum hvern einstakling fyrir sig; hvaða stuðning þarf hann og hvenær er hann sjálfur tilbúinn til að standa á eigin fótum.

Fari svo að styrktar barn sé ekki enn farið frá okkur þegar það verður 23 ára þá er styrktarforeldrinu sent bréf þar sem þakkað er fyrir stuðninginn og tilkynnt að honum ljúki þar með jafnvel þó svo að ungmennið verði áfram á framfærslu SOS. Styrktarforeldrinu er þá boðið að styrkja annað og yngra barn í staðinn.

Það er fátt meira gefandi en að standa með munaðarlausu eða yfirgefnu barni í gegnum æskuár þess og fylgja því alla leið til sjálfstæðis. Stuðningurinn er nefnilega ekki síður mikilvægur þegar barnið nálgast sjálfstæðið en á meðan það er mjög ungt.

Takk fyrir að styðja barn til sjálfstæðis – jafnvel þó það taki mörg ár. Sá stuðningur skilar sér og ber ávöxt.

Ragnar Schram



Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi  
Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram  
Ritstjóri: Sunna Stefánsdóttir  
Heimilisfang: SOS Barnaþorpin  
Hamraborg 1 | 200 Kópavogi  
Sími: 564 2910  
sos@sos.is | www.sos.is  
Umbrot: Hype Markaðsstofa  
Prentun: Oddi  
Prófarkalestur:  
Ragnar Ingi Aðalsteinsson  
Forsíðumynd: Drengur í SOS  
Barnaþorpinu Ennerdale í  
Suður-Afríku.



# ÁHERSLA LÖGÐ Á KYNJAJAFNRÉTTI

Kynjajafnrétti er haft að leiðarljósi í starfi SOS Barnaþorpanna víðsvegar um heiminn. Kynjajafnrétti skipar þó einstaklega stóran sess í starfi SOS Barnaþorpsins í Jimma í Eþíópíu. Öll börn eldri en níu ára fá jafnréttisfræðslu í SOS skólanum og fjölskyldurnar í þorpinu reyna eftir fremsta megni að hunsa kynjaðar staðalímyndir samfélagsins þegar kemur að uppeldi barnanna.

Eþíópía hefur í gegnum árin ekki skorað hátt á listum heims þegar kemur að jafnrétti. Landið var þannig í 124. sæti (af 145) þegar mat var lagt á jafnrétti kynja í úttekt Alþjóðaefnahagsráðsins (World Economic Forum) fyrir árið 2015. Matið byggist á þáttum eins og stjórnmalapáttöku, þáttöku í atvinnulífnum og efnahagslegum jöfnuði og tækifærum til þess að njóta menntunar og heilbrigðisþjónustu. Til samanburðar má nefna að Ísland hefur trónað á toppi listans sjö ár í röð.

Mánudagskvöld eru klúbbkvöld í barnaþorpinu í Jimma. Þennan mánuðinn er Karen, tíu ára, í hreingerningarklúbbnum. Og ekki nóg með að vera í klúbbnum, hún er formaður. „Ég hef umsjón með þrífum krakkanna þennan mánuðinn en þau eru öll ábyrg fyrir að halda herbergjunum sínum hreinum ásamt því að eldri

börnin sinna einhverjum húsverkum,“ segir hún stolt. „Svo læt ég vita ef mér finnst garðurinn ekki nógu vel snyrtur.“

Karen finnst ekkert sjálfsgöðara en að sinna starfi formanns hreingerningaklúbbsins en starfsfólk barnaþorpsins gerir í því að skipa stúlkur formenn klúbba mánaðarlega. Eþíópískar stúlkur hafa ekki margar kvenfyrirmyndir að því leytinu til. Tölurnar sýna okkur að eþíópískar konur eru langt á eftir körlum þegar kemur að læsi, heilsufari, fjárhag, leiðtogastöðum og mannréttindum. Trúar- og menningarsíðir líkt og umskurðir og barnabréðkaup hafa þá mikil áhrif á stöðu kvenna í Eþíópíu.

„Ég er kvenkyns leiðtogi,“ segir Karen ánægð. „Sem formaður klúbbsins þarf ég að vera sjálförugg, opin og sýna gegnsæi. Ég þarf að vera óhrædd við að gagnrýna það sem má fara betur en einnig hrósa því sem er gert vel,“ segir Karen og hefur augljóslega fylgst vel með í jafnréttisfræðslunni.

„Ég held að konur séu betri leiðtogar en karlar,“ segir Karen og brosir. „Allavega hér í barnaþorpinu. Stelpurnar eru mikið skipulagðari! Þó ég sé bara tíu ára þá finnst mér ég vera góður leiðtogi. Og ég ætla að verða forseti einn daginn, fyrsti eþíópíski kvenforsetinn.“



Börnin í barnþorpinu í danskenslu.

Mulualem Gurmessa, forstöðumaður SOS Barnaþorpsins í Jimma, tekur undir orð Karenar. „Hún getur svo sannarlega orðið forseti, og hefur alla hæfileika í það.“

Mulualem segir staðalímyndirnar í Eþíópíu vera ansi sterkar. „Við reynum að fræða börnin í þorpinu um staðalímyndirnar og hin meintu kynjahlutverk. Stúlkurnar eru sérstaklega varnarlausar þegar kemur að ofbeldi og misnotkun vegna kynjamisréttis og því þarf að efla þær sérstaklega.“

Hann segir strákana oft þurfa meiri og skýrari fræðslu en stelpurnar. „Strákarnir eru oft fastari í kynjahlutverkunum en stelpurnar. Ég er föðurmynd margra drengja í þorpinu og því þarf ég að vera góð fyrirmynd og kenna þeim hvað sé rétt og rangt. Ég segi þeim og sýni að karlar taki jafnan þátt í heimilisverkum, uppeldi barna og öðru því sem oft er kallað hlutverk kvenna.“

„Það er á okkar ábyrgð að kenna börnunum þessa hluti þar sem börnin eru framtíðin. Vonandi náum við fram auknu kynjajafnrétti hér á landi í framtíðinni. Ég er að minnsta kosti bjartsýnn á það!“ segir Mulualem að lokum.



Börn úr þorpinu á taekwondo æfingu.



Karen á fundi með hreingerningaklúbbnum.



SKJÓLVINAFRÉTTIR

Yngsti meðlimur systkinahópsins.

# SETTI SYSTKINI SÍN Í FORGANG

Fjölskyldueflingarverkefni SOS Barnaþorpanna í Francistown í Botsvana hófst árið 2008. Í dag eru skjólstæðingar verkefnisins alls 730 en um er að ræða 155 fjölskyldur.

Kootsene Lefa og fjögur systkini hennar eru skjólstæðingar verkefnisins. Kootsene er 28 ára gömul og býr í litlu húsi ásamt systkinum sínum. Fyrir fjórum árum lést móðir systkinanna og Kootsene þurfti því að taka við ábyrgðinni svo fjölskyldan gæti búið saman.

Fjölskyldan var afar fátæk fyrir og ekki skánaði staðan þegar móðir barnanna lést. Eftir dauða hennar var systkininum sagt upp húsaleigunni og leit hófst að nýju heimili, sem fannst að lokum í útjaðri bæjarins. „Þetta var eiginlega bara kofi sem við fengum að leigja eina viku í senn,“ segir Josep, næstelsta systkinið í hópnum.

Nágrannar systkinanna urðir varir við

slæmar aðstæður barnanna og höfðu því samband við SOS Barnaþorpin fyrir þeirra hönd. Úr varð að fjölskyldan fékk aðstoð frá fjölskyldueflingarverkefni samtakanna í lok árs 2012.

„Líf okkar var mjög erfitt. Kofinn var afar illa byggður þannig að þakið lak þegar rigndi og þá var bara allt á floti inni. Þá voru líka göt á milli múrsteinanna svo við sváfum lítið,“ segir Kootsene. Eftir nokkra mánuði í fjölskyldueflingarverkefninu var ráðist í endurbætur á húsinu og var það einnig málað.

Þá var mjög erfitt fyrir Kootsene að sjá fyrir fjölskyldunni. „Ég setti yngstu börnin í forgang og passaði að það væri alltaf til matur fyrir þau. Oftast tókst það en yfirleitt borðaði ég bara einu sinni á dag. En sem betur fer hefur lífið snúist okkur í hag. Í dag er ég mjög stolt en sérstaklega þakklát. Ég veit ekki hvar við værum ef SOS hefði ekki komið okkur til hjálpar,“ segir Kootsene.

Ásamt því að ráðast í endurbætur á húsinu, fékk Kootsene fjármálaráðgjöf og sótti námskeið á vegum SOS til að auka atvinnuöguleika sína. Þá voru yngri börnin þrjú (5, 14 og 16 ára) send í skóla og fjölskyldan fékk mataraðstoð.

Kootsene missti þó vinnuna fyrir stuttu og er því í atvinnuleit eins og stendur. „SOS Barnaþorpin hafa hjálpað okkur ótrúlega mikið en við erum enn í smá vandræðum, sérstaklega núna eftir að ég missti vinnuna. Þá eigum við í erfiðleikum með að fá hreint vatn en við höfum fengið að nýta okkur vatnshannann hjá nágrönnum okkar gegn gjaldi. Þau rukka þó heldur mikið fyrir notkunina,“ útskýrir Kootsene.

„Ég er þó bjartsýn og held áfram að leita að vinnu. Yngri krakkarnir eru að mennta sig og eru hamingjusöm, og það er fyrir öllu,“ segir þessi unga kona að lokum.



Fjölskyldan ásamt fleirum skjólstæðingum fjölskyldueflingar og starfsfólki SOS.



Húsið fyrir breytingar.



Húsið eftir breytingar.

**SKJÓLVINIR GERA OKKUR KLEIFT AÐ SEGJA SVONA SÖGUR!**

Skjólvinir styrkja Fjölskyldueflingu SOS með föstum mánaðarlegum framlögum. Nánari upplýsingar er hægt að finna á [www.sos.is](http://www.sos.is)

# Ýmsar myndir frá SOS starfinu



Börnin á SOS leikskólanum í Mhlangano í Svasilandi fá kennslu í handþvott.



Á gangi í SOS Barnahorpinu í Yamoussoukro á Filabeinsströndinni.



SOS móðir og strákararnir hennar í SOS Barnahorpinu í Ondangwa í Namibíu.



SOS fjölskylda í Mbabane í Svasilandi.



Skjólstaðingar fjölskylduefingar SOS í Pietermaritzburg í Suður-Afríku.





*Börn að koma úr SOS leikskólanum  
í Tema í Ghana.*



*Börn að leik í SOS Barnahöfnunni í  
Mzuzu í Malaví.*



*Móðir og börn í barnahöfnunni  
í Savannakhet í Laos.*



*Heilsugæsla SOS í Mogadishu í Sómalíu.*



*Afganskar systur á barnvænnu sveði  
SOS í Makedóníu.*

# ULLA HÆTT SEM STJÓRNARFORMAÐUR

Ulla Magnússon hefur látið af störfum sem stjórnarformaður SOS Barnaþorpanna á Íslandi vegna veikinda. Hún var fyrsti formaður og starfsmaður samtakanna en nýr stjórnarformaður verður tekinn við þegar þetta blað kemur út.

Undir lok níunda áratugar síðustu aldar sendu SOS Barnaþorpin í Danmörku fulltrúa sína til Íslands í því skyni að stofna samtökin hér á landi. Þeir fengu ábendingar um aðila í Reykjavík sem mögulega gætu aðstoðað, líkt og forystumenn í viðskiptalífi og fólk sem menntað var frá Danmörku. Meðal þessa fólks var ung íslensk blaðakona sem þekkti til Ullu Magnússon sem fædd var í Danmörku, átti danska móður en íslenskan föður og bað hana um að mæta á fund. Ulla ólst að mestu upp á Íslandi eftir að foreldrar hennar fluttu hingað til lands þegar hún var níu ára gömul.

Á undirbúningsfundi um málefni SOS Barnaþorpanna í Reykjavík kom í ljós að þeir Íslendingar sem mættu voru velviljaðir málefnum en vildu þó ekki taka að sér forystu um stofnun samtakanna hér á landi. Ulla hefur aldrei verið þekkt fyrir annað en að taka áskorunum og úr varð að hún tók að sér forystuna en hún hafði starfað víða í viðskipta- og atvinnulífinu og bjó yfir mikilli reynslu á því sviði. Hún hafði meðal annars mikið unnið að markaðsmálum fyrir Álafossverksmiðjuna en var ekki föst í stórum verkefnum á þessum tíma.

Hófst nú Ulla handa af sínum alkunna dugnaði og skipulagshæfileikum að koma SOS Barnaþorpunum á fót hér á landi. Margir af þeim sem komu að samtökunum í upphafi drógu sig smám saman í hlé en Ulla stóð ávallt vaktina. Hún safnaði saman öflugum stjórnar- og stuðningsmönnum en sjálf var hún fjárhagslega sjálfstæð og gat fórnað verkefnum miklum tíma. Fyrst og fremst kom þó í ljós hve miklum

skipulagshæfileikum Ulla var búin ásamt heiðarleika, trausti og dugnaði. Með öflugum stuðningi SOS Barnaþorpanna í Danmörku sem bæði lögðu fram þekkingu og fjármuni á fyrsta stigi, tókst Ullu að markaðssetja hugsjónina undir íslenska kjörorðinu við söfnum foreldrum.

Ulla vakti mikla athygli hjá alþjóðasamtökum SOS Barnaþorpanna fyrir skýran og einarðan málflutning er hún kvaddi sér þar hljóðs, enda djörf og óhrædd að standa fyrir máli sínu á erlendum vettvangi. Í því samhengi má nefna að Ulla var lengst af bæði stjórnarformaður og framkvæmdastjóri samtakanna hér á landi og þótti starfsfólki alþjóðasamtakanna það heldur óvenjulegt að sami aðili gegndi báðum störfum. Árið 2009 var Ulla sæmd heiðursorðu alþjóðasamtakanna fyrir framúrskarandi störf í þágu samtakanna.

Með árunum stækkaði starfsemi SOS Barnaþorpanna hratt á Íslandi og um þessar mundir eru yfir sjö þúsund íslenskir styrktarforeldrar. Ulla varð hið trausta andlit samtakanna en hún lagði alla tíð áherslu á að halda fremur lágum og traustum prófil í málefnum SOS Barnaþorpanna fremur en að eyða peningum í miklar auglýsingar. Þá gætti hún þess einnig vel að borga sjálfri sér sem allra lægst laun. Þannig skapaði hún samtökunum traust um að framlögin skiluðu sér í réttar hendur.

Fyrst og fremst er velgengni SOS Barnaþorpanna fagurri mannúðarhugsjón, dugnaði og útsjónarsemi Ullu að þakka en hún hefur frá upphafi verið potturinn og þannan í starfsemi SOS Barnaþorpanna á Íslandi.

*Ásgeir Jóhannesson aðstoði við skrif þessarar greinar. Við sendum honum bestu þakkir fyrir það.*



Ulla með alþjóðaforseta SOS, Siddhartha Kaul.



Ulla ásamt hópi kvenna í SOS Barnaþorpi á Indlandi.



Ulla ásamt framkvæmdastjóra SOS í Kanada.



# FIMM ÁR frá upphafi stríðsins í SÝRLANDI

Í mars síðastliðnum voru fimm ár liðin frá því að stríðið í Sýrlandi hófst. SOS Barnaþorpin hafa aðstoðað hundruð þúsunda Sýrlendinga síðan þá, bæði með neyðaraðstoð og í gegnum önnur verkefni en samtökin hófu þó fyrst starfsemi sína í landinu árið 1981.

Neyðaraðstoð SOS Barnaþorpanna í Sýrlandi hefur aldrei verið umfangsmeiri en nú. SOS Barnaþorpin á Íslandi hafa sent yfir tíu milljónir til verkefna samtakanna í Sýrlandi en samtökin leggja áherslu á aðstoð við börn, bæði þau sem eru ein á ferð en einnig þau sem eru með fjölskyldum sínum. Ásamt því að reka tvö SOS Barnaþorp fyrir munaðarlaus og yfirgefin börn sinna samtökin einnig fjölda neyðarverkefna.

## Madaya

Neyðarteymi SOS Barnaþorpanna hefur starfað undanfarnar vikur í Madaya, þorpi sem hefur verið innikróað undanfarna mánuði. Verst settu börnin hafa verið sótt úr þorpinu og þeim komið undir læknishendur. Einnig styðja SOS Barnaþorpin við munaðarleysingjaheimili í úthverfi Madaya þar sem 300 stúlkur dvelja.

## Tvö heimili fyrir foreldralaus börn í Damaskus

Á síðasta ári bjuggu um 300 börn á heimilunum tveimur en um er að ræða heimili þar sem börn án foreldrafylgdar geta leitað skjóls. Börnin eru á öllum aldri og eru í umsjón SOS á meðan verið er að leita að ættingjum þeirra. Börnin fá menntun við hæfi, heimili, umönnun og heilbrigðisaðstoð. Þá eru þau hvött til að sækja frístundir og rækta áhugamál sín.



## Menntaverkefni í Damaskus

Verkefnið stuðlar að því að börn sem fá aðstoð hjá SOS Barnaþorpunum hafi aðgang að menntun. Til að mynda taka öll börn/ungmennni sem eru í tímabundinni umsjón SOS þátt í verkefnum. Börnin taka stöðupróf og eru svo skráð í skóla við hæfi. Starfsfólk SOS er í góðu sambandi við kennara og skólastjórnendur og fylgjast vel með námsframvindu barnanna. Ef um er að ræða sérstök tilfelli, til dæmis ungmenni sem hafa misst mikið úr skóla og treysta sér ekki aftur á skólabekk, er boðið upp á kvöldnám og einkakennslu.

## Þrjú barnvæn svæði í Damaskus og Aleppo

Yfir 6000 börn nýttu sér barnvæn svæði SOS Barnaþorpanna á síðasta ári og búist er við svipuðum fjölda í ár. Þangað geta börn komið og fengið stuðning, heilbrigðisaðstoð og menntun ásamt því að fá tækifæri til að leika við önnur börn og vera áhyggjulaus um stund.

## Matar- og fataúthlutun

Þrátt fyrir að samtökin leggi mesta áherslu á aðstoð við munaðarlaus og yfirgefin börn hafa þau einnig úthlutað mat, fötum og öðrum nauðsynjum til almennings í Sýrlandi. Þörfin er mikil og reyna samtökin því að mæta henni eins og unnt er.



## Menntamiðstöð í Aleppo

SOS Barnaþorpin reka óformlega menntamiðstöð fyrir börn í miðborg Aleppo. Um er að ræða menntun fyrir börn sem hafa þurft að hætta í skóla vegna stríðsátakanna. 600 börn sækja miðstöðina á hverjum degi þar sem þau fá tækifæri til að mennta sig og hitta önnur börn. Börnunum er skipt upp eftir aldri en miðstöðin er ætluð börnum á grunnskólaaldri, þ.e. 6-16 ára.

## ERFÐAGJAFIR

Hinsta ósk margra felst í stuðningi við málefni eða samtök sem þeim eru kær. Um er að ræða styrktarleið sem virðist, enn sem komið er, vera mun algengari erlendis heldur en hér á landi. SOS Barnaþorpin víðsvegar um heiminn hafa fundið fyrir hlýhug einstaklinga sem ákveða að minnast samtakanna í erfðaskrá sinni.

Alls voru erfðagjafir 12,5% af framlögum SOS Barnaþorpanna á heimsvísu árið 2014. Í sumum löndum var hlutfallið ekki svo hátt en í öðrum hærra, t.d. í Finnlandi þar sem hlutfallið var yfir 50%.

Á undanförunum árum hafa nokkrir aðilar óskað eftir því að styðja SOS Barnaþorpin á Íslandi með því að gefa erfðagjöf til samtakanna. Samkvæmt erfðalögum geta þeir sem eiga maka og niðja ráðstafað þriðjungji eigna sinna með erfðaskrá. Þeir sem ekki eiga lögerfingja geta hins vegar ráðstafað öllum eigum sínum með erfðaskrá.

Nýverið barst SOS Barnaþorpunum á Íslandi erfðagjöf í formi íbúðar sem sagt verður frá í næsta blaði.

## EITT ÁR FRÁ JARÐSKJÁLFTANUM Í NEPAL

SOS Barnaþorpin hafa starfað í Nepal síðan árið 1972 og eru með verkefni á tíu stöðum í landinu. Vegna umfangs starfsins gátu samtökin brugðist fljótt við þegar mannskæður jarðskjálfti skók landið í apríl á síðasta ári. Nú þegar eitt ár er liðið frá hamförunum hafa yfir fimmtán þúsund manns fengið neyðaraðstoð frá samtökunum.

Áætlað er að neyðaraðstoð SOS Barnaþorpanna í Nepal vegna jarðskjálftans muni ljúka í árslok 2018. Þá má geta þess að utanríkisráðuneyti Íslands styrkti verkefnið um tæpar tíu milljónir króna á síðasta ári.



**25** barnvæn svæði voru sett á laggirnar sem þjónustað hafa yfir tvö þúsund börn. Í byrjun árs 2016 voru sjö barnvæn svæði enn starfandi.

**40** börn sem misstu foreldra sína í jarðskjálftanum hafa eignast nýtt heimili í SOS Barnaþorpi.

**225** barnafjölskyldur sem misstu allt sitt í jarðskjálftanum hafa fengið aðstoð við að koma lífi sínu aftur í fastar skorður. Fjölskyldurnar fá m.a. aðstoð við atvinnuleit, endurbætur á húsnæði ásamt heilbrigðisþjónustu o.fl. Allt með því markmiði að þær verði fjárhagslega sjálfstæðar á ný.

**540** fjölskyldur hafa fengið helstu heimilis- og hreinlætisvörur fyrir börn og fullorðna.

**53** samsettar fjölskyldur hafa fengið aðstoð. Um er að ræða börn sem misstu líffræðilega foreldra sína í jarðskjálftanum og hafa fengið ný heimili hjá öðrum líffræðilegum ættingjum. Þessar nýju fjölskyldur þurfa margvíslega aðstoð, til dæmis við aðlögun.

**548** barnafjölskyldur hafa fengið fjárhagsaðstoð.

**12** ríkisreknir skólar sem urðu fyrir skemmdum í jarðskjálftanum verða endurbættir á kostnað SOS. Þá hafa samtökin gefið yfir 3000 grunnskólanemendum skólagögn, töskur og föt fyrir skólann.



## Fjölmenningardagar hjá SÓLBLÓMALEIKSKÓLA



Á milli 25 og 30 SOS Sólblómaleikskólar eru nú um allt land en SOS Barnahorpin fóru af stað með Sólblómaverkefnið síðla árs 2014. Um er að ræða verkefni að norski fyrirmynd þar sem leikskólabörn fræðast um börn í öðrum löndum ásamt því að leggja sitt af mörkum til að gera heiminn að betri stað.

Sólblómaleikskólinn Hulduheimar á Akureyri hélt upp á svokallaða fjölmenningardaga í febrúar síðastliðnum. Þá var hver dagur helgaður einu landi sem tengist skólanum.

Á hverjum degi hittust börn og kennarar í sal skólans þar sem eitt barn ásamt foreldri sagði frá sínu landi.

Síðasti dagurinn í verkefninu var tileinkaður landinu Búrúndí en þaðan kemur Blaise, SOS styrktar barn leikskólans. Börnin spiluðu vöggvísu frá Búrúndí ásamt því að ræða um Blaise og hans aðstæður, land hans og þjóð. Þá spiluðu þau á trommur og dönsuðu við fjörugt þjóðlag.

Fjölmenningardagarnir eru árlegir hjá leikskólanum og undanfarin ár hefur einn dagur ávallt verið tileinkaður Blaise.



# VILTU GEFA STYRKTARBARNINU ÞÍNU GJÖF INN Á FRAMTÍÐARREIKNING?

Vinsamlegast leggðu þá inn á  
eftirfarandi reikning:

ATH.  
Þessi reikningur er  
aðeins ætlaður fyrir  
framfíðargjafir  
barna.

REIKNINGSNÚMÉR: 0334-26-51092

KENNITALA: 500289-2529

Þú getur einnig gefið barninu þínu gjöf á  
“Mínum síðum” [minarsidur.sos.is](http://minarsidur.sos.is)

Þær peningagjafir sem greiddar eru  
inn á þennan reikning fara óskiptar til  
viðkomandi barns. Upphæðin er lögð  
inn á framtíðarreikning í viðkomandi  
landi á nafni barnsins og fær barnið svo  
peninginn þegar það yfirgefur þorpið og  
fer að standa á eigin fótum.

Um er að ræða frábæra leið til að auka  
möguleika barnsins þíns enn frekar í  
framtíðinni en til að mynda er algengt  
að sjóðurinn nýtist til íbúðarkaupa eða  
fjármögnunar á frekara námi.



**SOS  
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

